



Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 25. janúar 2021
2101044 RH

Efni: Umsögn um grænbók um byggðamál

Við er til grænbók um byggðamál, sem lögð var fram í samráðsgátt stjórnvalda í desember 2020. Eftirfarandi er umsögn Vesturbyggðar um drögin.

Vesturbyggð fagnar meginmarkmiðum í grænbók um byggðamál, að byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær og innviðir mæti þörfum samfélagsins. Áhersla á jafnari búsetuskilyrði er mikilvæg, sér í lagi þar sem mikill meirihluti íbúa er nú búsettur á höfuðborgarsvæðinu og erfitt getur reynst að ná fólki út á landsbyggðina, þrátt fyrir mörg atvinnutækifæri.

Vesturbyggð bendir á að í þeim gögnum sem sett eru fram í grænbókinni þá geti það í vissum tilvikum ekki gefið rétta mynd af svæðum innan landshlutanna. Mikill munur getur t.d. verið á sunnanverðum Vestfjörðum og norðanverðum Vestfjörðum, hvort sem er í íbúaþróun, aldurssamsetningu eða stöðu innviða. Mikilvægt er því að þau gögn sem byggt er á, sýni sem réttasta mynd af einstökum svæðum innan hvers landshluta þannig að viðkomandi markmið og áherslur sem og þær aðgerðir sem fylgja í byggðaáætlun gagnist einstökum svæðum sem best.

Í grænbók um byggðamál segir um samhæfingu áætlana *“Með samhæfingu er unnt að hámarka árangur opinberra áætlana á öllum stigum stjórnsýslunnar og auka jákvæð áhrif. Því er mikilvægt að sameina krafta og tryggja að allir hlutadeigandi komi að því að leita lausna. Stefnur sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið starfar eftir eru fjórar; byggðaáætlun, samgönguáætlun, stefna í fjarskiptum og stefna í sveitarstjórnarmálum. Í ráðuneytinu er lögð rík áhersla á samhæfingu stefna og áætlana.”* Vesturbyggð fagnar því að samhæfa skuli áætlarnir og stefnur þannig að tryggt sé að tilteknar stefnur vinni ekki gegn hvor annarri. Að mati Vesturbyggðar er æskilegt að samhæfing þessi nái einnig yfir aðrar stefnur ríkisins og t.d. að gætt sé sérstaklega að markmiðum og áherslum byggðaáætlunar við samningu lagafrumvarpa, enda eru allar aðgerðir byggðaáætlunar settar fram í samráði við viðkomandi fagráðuneyti.

Varðandi verkefnið „brothættar byggðir“ þá mætti það verkefni hafa jákvæðari skýrskotun, þar sem meginmarkmið slíkra verkefna er að efla byggðalögin og aðstoða þau við að sækja fram. Lagt er til að það verkefni fái jákvæðara heiti með meiri drifkrafti fyrir þau byggðalög sem leggja þurfa í þann leiðangur. „Byggð til sóknar“ eða annað í þeim hefði að mati Vesturbyggðar sterkari skýrskotun og lýsir betur þeim krafti sem verkefninu er ætlað að leysa úr læðingi með heimamönnum.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Í grænbókinni er vísað til þess að konur eru í minnihluta á landsbyggðinni og hlutfall kvenna á barneignaraldri er lægra en í öðrum aldurshópum og hefur það verið talið eitt af einkennum byggðarlaga og svæða sem búa við fólksfækkun. Er hér um eina skýrustu birtingarmynd þess að ræða þegar skorin hefur verið niður almenn heilbrigðisþjónusta og samgöngur ekki tryggjar. Það veldur óöryggi og dregur úr því að konur á þessum aldri sætti sig við búsetu svo langt t.d. frá fæðingarþjónustu og lágmarksheilbrigðisþjónustu. Það er því grundvallaratriði að tryggja innviði sem þessa á landsbyggðinni til að geta fjölgað þessum einstaklingum. Snertir þetta mál sunnanverða Vestfirði sérstaklega þar sem samgöngur eru erfiðar, vegakerfið ekki samkeppnishæft miðað við aðra landshluta og nær ekki að svara kröfum íbúa og atvinnulífs um eðlileg samskipti og hreyfanleika í nútíma samfélagi. Enda er það þekkt að staðan í uppbyggingu vegasamgangna á hverju svæði hefur mikil áhrif á búsetuskilyrði og byggðaðróun til framtíðar. Vesturbyggð fagnar því þeim áherslum í grænbókinni, sem snúa að uppbyggingu innviða og er það að mati sveitarfélagsins eitt mikilvægasta byggðamálið til að tryggja áfram jákvæða íbúaþróun.

Að öðru leyti fagnar Vesturbyggð drögunum og hvetur ráðuneytið til að gæta að ofangreindum ábendingum við áframhaldandi vinnslu grænbókarinnar um byggðamál.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

